

**Ed.**

**815. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 23, 14. des. 1877, um tekjuskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin vill eftir atvikum ráða hv. deild til að samþykkja gjaldhækkun þá til bráðabirgða, sem frumv. fer fram á, en væntir þess, að þess verði eigi langt að biða, að landsstjórnin taki tekjuskattslögin til athugunar og leggi fyrir Alþingi fullkomnara frumvarp en það, sem hjer er um að ræða.

Nefndin skilur 3. gr. frumv. svo, að niðurlagsákvæði hennar um 2000 kr. lágmark til skattskyldu eigi að eins við tekjur af landbúnaði og sjávarútvegi, en telur þó rjett að vikja orðalaginu svo til, að sú meining verði skýrari. Ástæðan fyrir því að hafa þetta lágmark helmingi hærra en skattskyldulágmarkið yfirleitt, er auðvitað sú, að ábúðar- og lausafjárskattur sje greiddur af tekjum af þeim atvinnugreinum. Hvort þessi ástæða komi rjett við, er auðvitað álitamál, en nefndin vill ekki gera úr þessu ágreining milli deildanna.

Nefndin litur svo á, að ákvæði 12. gr., sbr. 2. gr., tekjuskattslaganna 14. des. 1877, *nái einnig til innieigna í bönkum og sparisjóðum*. En með því að lögin hafa verið skilin misjafnt í þessu efni, teljum vjer rjett, að tekið sje fram með berum orðum, að ákvæði laganna beri að skilja svo, og leggjum því til, að orðalagi 4. greinar sje þannig hagað, að bert sje, að þar sje ekki um nýmæli heldur skýring að ræða.

9. gr. frumvarpsins telur nefndin óþarfa, þar sem í henni felst ekkert annað en það, sem sjálfsagt er, þótt greininni sje slept, og leggur því til, að svo sje gert. Vjer leyfum oss því að bera fram eftirfarandi

**BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Í stað orðanna »minni tekjum en 2000 kr.« komi:  
Þeim tekjum, minni en 2000 kr.
2. Í 4. gr. komi í stað orðanna »skulu einnig ná«:  
ná einnig.
3. 9. gr. frv. falli burt.  
10. gr. verði 9. gr.

Með þessum breytingum leggur nefndin til að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 5. sept. 1917.

H. Hafstein,  
form. og framsögum.

H. Steinsson,  
skrifari.

Guðm. Ólafsson.